

108

4. ágúst

## AUGLÝSING

um breytingu á fyrirmælum um aðalbrautir og umferð af öðrum vegum inn á þær, nr. 68 3. apríl 1950, sbr. auglýsingu nr. 21 4. marz 1954.

Á eftir 4. tölulið 1. gr. fyrirmælanna komi nýr liður, sem verður 5. töluliður:

Keflavíkurvegur frá vegamótum Keflavíkurvegar og Strandgötu, sunnan við Íshús Hafnarfjarðar, að vegamótum gamla flugvallarins, móts við hús Fiskiðjunnar s.f. í Keflavík.

Breyting þessi, sem gerð er samkvæmt heimild í 7. gr. umferðarlaga, nr. 24 16. júní 1941, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 4. ágúst 1956.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

109

8. ágúst

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Eyjólf Sveinssonar kennara, Lambavatni, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. ágúst 1956. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Eyjólf Sveinssonar kennara, Lambavatni.

1. gr.

Til sjóðsins er safnað af ungmennafélaginu Von á Rauðasandi í febrúarmánuði 1941, til minningar um stofnanda félagsins, Eyjólf Sveinsson kennara, en hann andaðist 8. febr. 1941. Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Eyjólf Sveinssonar kennara, Lambavatni.

2. gr.

Sjóðurinn er 31. des. 1955 að upphæð kr. 2692.84 — tvö þúsund sex hundruð níutíu og tvær 84/100. — Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól, eins og hann er á hverjum tíma, og minningargjafir, er honum kunna að áskotnast.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að stofnsetja náttúrugripasafn eða bókasafn, annaðhvort eða hvorttveggja, ef fjármagn er til þess að dómi sjóðstjórnarinnar, við barnaskóla, er hann verður byggður í Rauðasandshreppi. Það nær þó ekki til skóla í heima-húsum í sambandi við kennsluprestakall, eða skóla, sem byggður er utan Rauðasandshrepps við samsteypu skólahéraða. Munir eða bækur safnsins eru til nota við skólann, en ekki til útlána. Skólastjóri hefur umsjón með safninu.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 — þrír — menn. 1) Kona Eyjólf Sveinssonar, Vilborg Torfadóttir, barn þeirra eða afkomandi, systkini Eyjólf eða afkomandi þeirra með heimili í Rauðasandshreppi. Sé enginn þessara aðila búsettur í hreppnum eða ekki